

Barnaheimilið Ós

2023 – 2024



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

1	Einkunnarorð og hornsteinar Leiðarljós Óss	3
1.1	Einkunnarorð	3
1.2	Hornsteinar	3
2	Greinargerð leikskólastjóra	3
3	Innra mat leikskólans fyrir 2022-2023.....	5
4	Umbótaáætlun leikskólans 2023-2024.....	7
5	Innra mat yngri kjarna, Hreiðurs og Lóukjarna.....	9
6	Innra mat eldri kjarna Kríukjarna og Krummakjarna.....	9
7	Innra mat listakennara	10
8	Innra mat sérkennslu.....	11
9	Innra mat – fjöltyngd börn	11
10	Starfspróunarsamtöl og fræðsla.....	12
11	Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðv.....	12
12	Foreldrasamvinna.....	13
13	Skipulagsdagar.....	13
14	Fylgiskjöl	14
14.1	Fylgiskjal 1 Leikskóladagatal 2023 til 2024	14
14.2	Fylgiskjal 2 Umsögn stjórnar Óss.....	15



1 Einkunnarorð og hornsteinar


Leiðarljós Óss

Einkunnar orð okkar lýsa foreldra samstarfinu mjög vel og hornsteinarnir svo faglega starfinu. Einnig endur spegla einkunnarorðin faglega starfið því að í gegnum samveru, leik og gleði lærum við á lífið og tilveruna og öðlumst færni lang best.

1.1 Einkunnarorð

Samvera, leikur og gleði

1.2 Hornsteinar



2 Greinargerð leikskólastjóra

Á Ósi er alltaf gaman og gott að vera sama hvað áskoranir og verkefni við eigum við á hverjum tíma fyrir sig. En verkefni leikskólaársins 2022 til 2023 voru margvísleg og spennandi. 50 ára afmæli Óss var framundan en það var árið 1973 að framtaksamir foreldrar stofnuðu leikskólann og var það merkilegt innlegg í þeirri jafnréttisbaráttu sem átti sér stað á þeim tíma og var að fara á fullt skrið. Einnig er Ós merkilegt fyrirbæri í íslenskri menntasögu því að hann hefur starfað óslitið síðan í krafti samstöðu og samvinnu foreldra annarsvegar og svo foreldra og starfsfólks leikskólans hins vegar. Veisla var haldin í júní og sönnuðu foreldrar gildi samvinnunnar með því að setja saman metnaðarfulla og skemmtilega dagskrá og sögusýningu sem að fór yfir sögu skólans frá upphafi.

Ný námskrá var gefin út og afhent leikskólanum í afmælisveislunni. Leikskólinn hafði verið án gildar námskrár um nokkurt skeið og var því mikil gleði og léttir þegar hún var loksins tilbúin og komin á prent. Þegar Ós flutti á Skerplugötuna var leikskólinn búin að starfa lengi án ákveðinna faglegra áhersla og var því ærið verkefni fyrir höndum. Nýtt starfsfólk, nýtt hús, breyttur foreldrahópur og



áherslur í leikskólamálum sem hafa verið í gangi síðustu misseri eru undirstaða nýju námskrárinnar. Fljótlega kom í ljós hvað það var sem mátti víkja og var strax lögð meiri áhersla á sjálfssprotinn leik barnanna og innihalds ríkar samverustundir. Eftir því sem árin liðu fór ný stefna að myndast en aðal inntak hennar er að við göngum út frá því að börnin er könnuðir í sínu námi og hafa áhrif á framgang þess með ýmsum hætti hvort sem er í leik, sköpun eða samveru. Við lítum á námskrána sem lifandi plagg og hlökkum til þess að vinna áfram að því verkefni að gera áherslur okkar þéttari og fylgjast með því sem að gerast í þróun leikskólamála í samfélaginu þróa okkar stefnu samhliða því.

Tekin var ákvörðun um að breyta og opna dagskipulagið meira og stundin milli morgunmats og hádegismats kölluð morgunstund, milli hvíldar og nónhressingar er stundin kölluð millistund og er síðdegisstund eftir nónhressingu fram að því að börnin fara heim. Þetta er tilraun til þess að hvetja starfsfólkið til þess að nýta þessar stundir á skapandi hátt og hugsa út fyrir rammann. Milli stundin er þó hugsuð og tekin frá fyrir sjálfssprottna leikinn en þar eiga börnin sviðið og þegar leikskólinn er komin með fulla þekkingu á sjálfssprottna leiknum er hugsunin sú að færa sig enn meira inn á þetta svið í anda Curiosity approach.

Fyrir sumarfrí í fyrra fengum við inn í Íþróttahúsi Háskóla Íslands og hafa tveir elstu árgangarnir farið einu sinni í viku í hopp og skopp og skipulagða leiki. Þetta finnst börnunum svakalega skemmtilegt og spennandi og fá þau úr þessu mikla hreyfingu en einnig hafa göngutúrarnir þangað mikið gildi.

Við fengum styrk til þess að kaupa Bamba gróðurhús og var það afhent í vor. Gróðurhúsið er kærkomin viðbót við sjálfbærni stefnuna okkar en í grófum dráttum snýst hún um að börnin upplifi það á eign skinni hvernig ræktum og nýting matvæla fer fram. Ásamt gróðurhúsinu þá erum við með lítinn skika þar sem við ræktum kartöflur og kryddjurtagarð þar sem börnin sá fyrir og setja niður kryddjurtir og æt blóm. Þetta starf á eftir að eflast til muna núna þegar við erum komin með gróðurhúsið.

Næsta leikskóla ár verður lögð áframhaldandi áhersla á að styrkja okkur í að styðja við börnin í sjálfssprottna leiknum og könnunaraðferðinni en einnig ætlum við að leggja áherslu á mat og skráningu en það er komið að því að taka þá þætti föstum tókum. Þegar líða tekur á vorið eigum við svo eftir að finna leiðir til þess að efla vettvangsferðir og klára sjálfbærni stefnuna okkar.

3 Innra mat leikskólans fyrir 2022-2023

Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Námskráin	Skipaður var hópur sem að tók þátt í að klára námskrána.- Farið var yfir hvern þátt með viðeigandi fagkennara og svo foreldrum	Leikskólastjóri, fagkennarar og foreldrar.	Niðurstaðan var að gefa hana út en halda áfram að þróa stefnuna og þá námskrána eftir þörfum. Námskráin lifandi plagg.
Skráningar	Ath. hvar er þörf/gagnlegt/faglegt/gaman að skrá. Síðan ath hvernig hægt væri að einfalda og kynna fyrir starfsfólki	Leikskólastjóri, hópstjórar og fagfólk skólans	Ákveðið var að skipta skráningu í 3 hluta. -Atferlisskráningu sem færi fram ef við værum að ath. sérstakt atferli hjá barni eða hópi. -Verkefnaskráning -Skráning á leik og daglegum samskiptum.
Könnunaraðferðin	Hvernig gengi að innleiða aðferðina í daglegu starfi	Leikskólastjóri	Ýmislegt vantar upp á til þess að verkefnin taki af stað. Starfsfólk ekki nægilega meðvitað um hvernig eigi að virkja börnin. Vantar frekari fræðslu og samvinnu



			meðal starfsfólks.
Aðstaða starfsfólks	Starfsfólk beðið um að bera fram óskir um bæta aðstöðu.	Leikskólastjóri, matráður og kjarnastjórar.	Vantaði starfsmanna ísskáp og betri læsta skápa. Skáparnir fjarlægðir og keyptur var nýr ísskápur.
Gefðu tíu	Ath hvort starfsfólk nýtti þetta tæki í daglegu starfi.	Leikskólastjóri	Starfsfólk óöruggt og ekki viss um hvernig og hvenær í deginum þetta ætti að fara fram. Erlent starfsfólk vantar hugmyndir af samskiptum í þessum stundum. Leikskólastjóri fer inn á kjarna og sýnir hvernig gott er að gera þetta. Kemur með hugmyndir fyrir erlent starfsfólk.



4 Umbótaáætlun leikskólans 2023-2024

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Loki ð	Hvernig og hvenær metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur
Stjórnun							
Gera stefnu og áætlanir fyrir stjórnar teymi	Að hverju er stefnt? Að stjórnun Ós sé skilvirk.	Hvernig framkvæmum við það? -Skýra verkaskipti -Gera áætlanir - Setja niður fasta fundi.	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir Leikskólastjór i og stjórn.	Nóv. '23	Mars '24	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum) Fundum, hópavinnu og klára áætlair	Stjórn, skrifstofustjóri og leikskólastjóri hafi skýrt umboð og skýra verklýsingu. i
Innra mat	Að innra mat sé virkt.	Efla skráningu Reglulegri fundir Gera matsáætlun	Kjarnastjórar og leikskólastjóri	Nóv. '23	Mars '24	Fundir, og fræðsla	Að kjarnastjórar geti leiðbeint við skráningu -að k.s. séu virkir í að meta þá þætti sem að þeim snúa.
Laga aðstöðu	Að gera skrifstofu skilveirkari	Ath húsbúnað, flokka og huga að persónuvörnu m	Leikskólastjór i og skrifstofustjór i	Nóv '23	Jan '24	Samvinna milli leikskólastjóra og skrifstofustjóra	Skilvirkari og snirtilegri skrifstofa.
Uppeldis- og menntastarf							
Kynna og þætti námskrár	Að starfsfólk sé fróðar um kjarna innihald námskrár	Að starfsfólk sé viti hvers vegna vinnulagið er eins og það er og hvernig þau geti notða nám.s.	Leikskólastjór i og kjarnastjórar	Okt '23	Apríl 24	Senda pósta og upplýsingar sem ræddir eru í á starfsmannafundum . Vinnuhópar	Stefnt að virku lærdóssamféla gi
Vettvangsferðir							
Sjálfbærnistefna							



Sjálfsþroti leikurinn	Ath hvort allt starfsfólk sé meðvitað um tilgang leiksins	Eiga samtöl við starfsfólk og skrá niður og fylgjast með framvindu leiskins	Leikskólastjóri og kjarnastjórar	Jan 23	Feb 24	Virkja starfsfólk í að skrá framvindu leiks barnanna - vera með fræðslu á fundum -Gera þeim grein fyrir mati leikskólastjóra	Að allt starfsfólk sé meðvitað um gæði og gildi leiksins og sé fært um að styðja við leik barnanna.
Könnunaraðferðin	Ath hvort starfsfólk sé meðvitað um tilgang og markmið aðferðarinnar	Fara yfir skráningar og hvetja starfsfólk til þess að koma af starf könnunar verkefnum	Kjarnastjórar og leikskólastjóri	Nóv 23	Jan 24	Virkja kjarnastjóra til þess að hlusta og finna út hvar áhugasvið barananna er. -Skrá framvindu verkefna -Kynna niðurstöður	Að könnun barna þar sem þau hafa frumkvæði verið eðlilegt flæði á Ósi og gerist nánas af sjálfum sér.
Mannauður/ Leikskólabragur							
Gleði í starfi	Efla þarf samveru og gleði eftir skrítna tíma	-Starfsmanna ferðir -samvera utan vinnutíma -Leikir innan vinnutíma	Skemmtinefnd	Okt 23	Mai 24	Efla og styðja skemmtinefnd og gera eitthvað reglulega skemmtileg reglulega.	Að efla góðan Ósanda en frekar og leyfa okkur að hafa gaman í vinnunni.
Innra mat							
Skráning	Ós þarf að efla skráningu. Búið að skilgreina skráninga þætti nú næsta skref.	Hvetja allt starfsfólk til skráningar á daglegu starfi, eins og framvindu leiks, samtölum barna. Kynna og kenna hvernig skráning á verkefnum og frávikum fer fram	Leikskólastjóri. Kjarnastjórar og listakennari	Okt 23	Mai 24	Fræða starfsfólk um tilgang og gildi skráninga. -Sýna dæmi og hvernig skráning fer fram í deginum og fræða á fundum -Kynna niðurstöður mats á fundum -Hafa til skráningar tæki, aðferðir og efni tiltækt og aðgegnilegt.	Að skráning verði eðlilegur þáttur í daglegu starfi á Ósi
Matsáætlun	Vantar að efla mat á Ósi	Stofna matsteymi og forma matskerfi	Leikskólastjóri	Feb 23	Jún 24	Rýnihópar	Virkt matáætlun á Ósi



5 Innra mat yngri kjarna, Hreiðurs og Lóukjarna

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Aðferðir til að efla málþroska. Málörvun.	Að starfsfólk þekki leiðir til málörvunar sem auka málþroska	Inni á kjörnum og í daglegu starfi með börnunum	-Kjarnastjóri með aðstoð frá hópstjórum og leikskólastjóra	Okt 23	Mái 24	Efla samtöl við matarborð, klósettferðir og í fataklefa. -Setja orð á hlutina -Æfa virka hlustun Virka starfsfólk á kjarnafundum og finna lesefni og fá fræðslu Nýttu okkur Miðju máls og læsis.	Fá ráðgjöf hjá Miðju máls og læsis varðandi málörvun og ath hvor hægt sé að vinna eftir því.

6 Innra mat eldri kjarna Kríukjarna og Krummakjarna

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Innleiða Lubba	Að börnin á Krummakjarna fái að kynnas Lubba	Í samveru og hópatímum	Kjarnastjóri eldrikjarna	Nóv 23	Mái 24	Kjarnastjóri virkir aðra starfsmenn og saman fara þau eftri aðferðafræði Lubba.	Að börnin kynnist stöfum á skemmtilegan og gagnlegan hátt.
Meta hvernig unnið er eftir námskrá	Vinna að því að allt starfsfólk eldrikjarna sé meðvitað um gildi námskrár og vinni markvist eftir henni inni á kjarna.	Farið yfir málin á kjarnafundum og í deginum. Skráning	Kjarnastjóri , hópstjórar og leikskólastjóri	Nóv 23	Mars 24	Kjarnastjóri og leikskólastjóri kynna efni námskrár og tenja það við stefnu skólans og starfið inni á kjarna.	Að allt starfsfólk sé meðvitað um gildi námskrár og nái að nýta hana í starfi.



7 Innra mat listakennara

UMBÓTARÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Gera listaherbergið skilvirkara og klárt fyrir fjölbreytta notkunn	Nýttin leistahefbergis gæti verið mun betri og skilvirkari. Tækifæri til þess að nýta bertur til sköpunar	Taka til og fjarlægja óþarfa hluti. Skipurleggja og merkja Útbúa vinnupláss f. börn og kennara.	Listakennari, leikskólastjóri og kjarnastjórar	Jan 23	Mars 24	Stofna rýnihóp með ábyrðaraðilum. Fá anað starfsfólk sem hefur áhuga í hópinn. Skipurleggja tíma fyrir aðgerðir	Að rýmið verði tilbúið fyrir feb. skilvirkt og snyrtilegt.
Endurskoða listastefnu	Efla starfsfólk til þess að nýta sér listastefnu og kanna hvernig það gegngur	Kynna stefnu vel og setja setja niður þætti hennar reglulega í vikuplanið	Listakennari, kjarnastjórar og leikskólastjóri	Nón 23	Des 24	Halda rýnifund og setja fara yfir vikuplanið með kjarnastjórum og kynna það svo á starfsmannafundi	Að allt starfsfólk geti nýtt sér listastefnuna á auðveldan hátt.



8 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2022-2023

Skipulagning sérkennslu 2022-2023 Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?	Sér kennslan á Ósi var í góðu samstarfi við aðila Vestumðstöðvar. Unnið var með börnin í hópunum sínum en einnig í einstaklingskennslu ef þörf var á. Skráning fór alltaf fram ef grunur lék á frávikum og þau kynnt fyrir aðilum Vesturmiðstöðvar og voru þau aðlöguð að því hvort þörf væri á að skrá sérstaka hegðun eða dagbók eftir daginn.
Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS, HLJÓM-2 og fl.	
Hvaða námsefni var notað? Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?	Unnið var með tákni með tali og myndrænt skipurlag.

Umbótaáætlun sérkennslu 2023-2024

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Finna sérkennara og efla sérkennslu	Ós vantar starfsfólk með reynslu af sérkennslu eða sérkennara	Auglýsa eftir sérkennara -Finna námskeið fyrir starfsfólk sem sýnir sérkennslu áhuga	Leikskólastjóri	Okt 23	Mai 24	Fá fund með sérkennslufulltrúa.	Hafa virka sérkennslu á Ósi.

9 Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2022-2023

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Sótt verður um fjármagn leikskólaárið 23-24
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Unnið er með gefðu 10 en mat síðast árs sínir að það þurfi að skerpa á því. Sögustundir, fundir barnanna og söngstundir
Er markvissst verið að dýpka orðaforða	Í sögustundum og söng stundum þar sem lögð er áhersla á að vera í takt við það sem er í



barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	gangi hverju sinni í samfélaginu. Þannig fá börnin tækifæri á að upplifa samheiti og andheiti og samhengi orða, setninga og orðasambanda
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Söng og samverustundir eru þættir þar sem við leggjum mikla áherslu á málörvun og málþroska. Við erum að setja saman stefnu í þessum málum en höfum ekki verið virki í að skrifa framfarið og framvindu.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Með könnunar aðferðinni, virkum samveru, söng og sögustundum, virku samtali við daglegar athafnir og góðu sköpunarstafi þykjumst við vera að sinna öllum þessum þáttum.

Umbótaáætlun –fjöltyngi 2023-2024

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Efla vinnu með fjöltyngdum börnum	Efla vinnuna til muna með markvissum sráningum, samtölum.	Gera áætlun um kennslu með fjölsyngd börn.	Leikskólastjóri og kjarnastjórar	Jan 23	Mai 24	Hafa samband við Miðju máls og læsis og fá leiðbeiningar.	Virk áætlun

10 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsmannasamtöl eru tvisvar sinnum á hverju leikskólaári. Eitt við leikskólastjóra og eitt við stjórn skólans. Starfsmannafundir eru mánaðarlega en þar er farið yfir áherslur skólans. Næsta skólaár mun við ígrunda námskrána og far yfir gildi námsþátta, tilgang og gildi áhersla og stefnu leikskólans og svo hvernig unnið er með þessa þætti inni á kjörum.

11 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðv

Þau börn sem að útskrifast á síðast leikskóla aldurs ári fara í heimsókn til þess skóla sem að þau hefja nám í. Kjarnastjóri ber síðan ábyrgð á frekara samstarfi ef það á við.



12 Foreldrasamvinna

Ós er foreldra rekinn skóli. Foreldrar taka virkan þátt í starfi skólans með ýmsu móti. Foreldrafundir eru átta sinnum á ári og eru þar teknar ýmsar ákvarðanir varðandi málefni skólans. Þessi mál varða allt frá samveru og partístandi Ósara til faglegra ákvarðana sem teknar eru í samvinnu við og undir handleiðslu fagfólks skólans. Tvisvar sinnum á ári eru vinnudagar á Ósi en þá koma foreldrar og gera ýmis verk sem að gagnast starfi leikskólans, börnum og starfsfólki. Foreldrar sjá einnig um að ná í jólatré, púkagleði á þrettánda og sumarhátíðina á Ósi. Einnig eru ýmis verkefni sem að foreldrar taka að sér eins og að sjá um tölvu mál skólans, vaska upp í eldhúsinu ef þarf og sjá um matjurtargarðinn.

Leikskólaárið '23-'24 mun fara endurskoðun og mat fram á foreldrasamstarfinu og foreldravinnuinni. Hugað verður að styrkleikum foreldra hópsins og gildi samvinnunnar. Einnig mun mat fara fram á þeirri vinnu og þeim breytingum sem hafa átt sér stað síðustu 6 ár.

13 Skipulagsdagar

F. h. leikskólans
Sigrún Eiríksdóttir,
leikskólastjóri Óss

Leikskólastjóri

Dagsetning

14 Fylgiskjöl

14.1 Fylgiskjal 1

Leikskóladagatal 2023 til 2024

Kort	Septemba	Oktober	Novemba	Desember	Januar	Febrúar	Mars	Apríl	Mí	Júní	Júlí
1.D	1.8	1.8	1.8	1.8	1.8	1.8	1.8	1.8	1.8	1.8	1.8
2.M	2.8	2.8	2.8	2.8	2.8	2.8	2.8	2.8	2.8	2.8	2.8
3.F	3.8	3.8	3.8	3.8	3.8	3.8	3.8	3.8	3.8	3.8	3.8
4.F	4.M	4.M	4.M	4.M	4.M	4.M	4.M	4.M	4.M	4.M	4.M
5.L	5.P	5.P	5.P	5.P	5.P	5.P	5.P	5.P	5.P	5.P	5.P
6.S	6.M	6.M	6.M	6.M	6.M	6.M	6.M	6.M	6.M	6.M	6.M
7.Míttu október	7.F	7.F	7.F	7.F	7.F	7.F	7.F	7.F	7.F	7.F	7.F
8.P í fyrsta	8.S	8.S	8.S	8.S	8.S	8.S	8.S	8.S	8.S	8.S	8.S
9.Míttu	9.L	9.L	9.L	9.L	9.L	9.L	9.L	9.L	9.L	9.L	9.L
10.F	10.S	10.S	10.S	10.S	10.S	10.S	10.S	10.S	10.S	10.S	10.S
11.F	11.M	11.L	11.M	11.S	11.F	11.S	11.M	11.F	11.L	11.M	11.F
12.L	12.M	12.F	12.S	12.F	12.M	12.F	12.S	12.F	12.M	12.F	12.M
13.S	13.M	13.F	13.M	13.S	13.F	13.M	13.S	13.F	13.M	13.S	13.F
14.M	14.F	14.L	14.P	14.F	14.M	14.F	14.M	14.F	14.M	14.F	14.M
15.P	15.S	15.S	15.M	15.F	15.M	15.F	15.M	15.F	15.M	15.F	15.M
16.M	16.S	16.S	16.M	16.F	16.M	16.F	16.M	16.F	16.M	16.F	16.M
17.F	17.S	17.S	17.F	17.S	17.M	17.L	17.S	17.M	17.F	17.S	17.M
18.F	18.M	18.M	18.L	18.M	18.F	18.S	18.M	18.F	18.L	18.M	18.F
19.L	19.P	19.P	19.S	19.M	19.F	19.S	19.M	19.F	19.M	19.F	19.M
20.S	20.M	20.F	20.M	20.S	20.F	20.M	20.S	20.F	20.M	20.S	20.F
21.M	21.F	21.L	21.D	21.F	21.S	21.M	21.F	21.L	21.D	21.F	21.M
22.P	22.F	22.S	22.M	22.F	22.S	22.M	22.F	22.S	22.M	22.F	22.M
23.M	23.L	23.M	23.F	23.L	23.M	23.F	23.L	23.M	23.F	23.L	23.M
24.F	24.S	24.S	24.F	24.M	24.F	24.L	24.M	24.F	24.L	24.M	24.F
25.F	25.M	25.M	25.L	25.M	25.F	25.S	25.M	25.F	25.L	25.M	25.F
26.L	26.S	26.S	26.M	26.F	26.M	26.F	26.M	26.F	26.L	26.M	26.F
27.S	27.M	27.F	27.M	27.L	27.F	27.M	27.S	27.F	27.M	27.S	27.F
28.M	28.F	28.S	28.P	28.F	28.S	28.M	28.F	28.S	28.P	28.F	28.M
29.P	29.F	29.S	29.M	29.F	29.S	29.M	29.F	29.S	29.M	29.F	29.M
30.M	30.L	30.M	30.F	30.L	30.M	30.F	30.L	30.M	30.F	30.L	30.M
31.F	31.S	31.S	31.M	31.F	31.M	31.F	31.M	31.F	31.M	31.F	31.M

14.2 Fylgiskjal 2

Starfsáætlun 2023 – 2024 Barnaheimilisins Óss



Umsögn foreldraráðs

Verkefni stjórnar Barnaheimilisins Óss voru margvísleg skólaárið 2022-2023. Stjórnin fundaði að jafnaði einu sinni í mánuði þar sem helstu verkefni stjórnar og leikskólans voru til umræðu. Stórfundur voru á sínum stað þar sem stjórnin og foreldrar hittust og ræddu málefni leikskólans, en á leikskólaárinu 2022-2023 voru stórfundirnir samtals sjö. Þá er það meðal annars verkefni stjórnar að taka starfsmannasamtöl við starfsfólk leikskólans og var það gert á vormánuðum. Jafnframt var tekin ákvörðun um að ráða til starfa skrifstofustjóra Óss sem starfar með leikskólastjóra og hefur umsjón með rekstri leikskólans ásamt stjórn og leikskólastjóra.



Stjórnin skipulagði einnig og hélt utan um margvíslegar Ós-hefðir og aðra skemmtun og má þar nefna vinnudaga, þáttöku í skipulagningu ýmissa Ós-jólahefða auk þess sem stjórnin átti fulltrúa í skipulagningu 50 ára afmælishátíðar Óss.

Stjórn Barnaheimilisins Óss hefur farið yfir og samþykkt áætlanir og mat þessarar starfsáætlunar.

Foreldraráð leikskólans skipa:

Erla Guðrún Ingimundardóttir

Sigríður Harðardóttir

Árni Gunnar Eyþórsson

Elín Ólafsdóttir

Gunnar Ingi Magnússon

